

Efnahags- og viðskiptanefnd.

9.3.2005

Minnispunktur vegna breytinga á tollalögum.

Athugasemd við 54. gr.

Fyrst skal tiltekið um tilkynningarskyldu stjórnenda fars, en í 54. gr. kemur fram að stjórnandi skal tilkynna komu með hæfilegum fyrirvara. Það hefur lengi verið spurning hvornig á að túlka hæfilegan fyrirvara er það 1 klst. eða 48 klst. Þetta fer eftir mati þess sem að tilkynnir. Hér þarf að koma ákveðin tímasetning t.d. 24 tímar á svipaðan hátt og hjá öðrum ríkisstofunum s.s. Landhelgisgæslu og Fiskistofu. Helgast þetta af því að ef tollgæslan ætlar að viðhafa aukið eftirlit með farinu verður að vera tími til að undirbúa aðgerðir. Við tilkomu SMT afgreiðslna á förum þarf að viðhafa áhættugreiningu sem að tekur einhvern tíma, því verður að koma til tíma-frestur og að viðurlög séu ef að ekki sé staðið við tilkynningarskyldu sem þess, t.d.. að skip verði ekki tollafgreidd fyrr en eftir 24 stundir frá tilkynningu til tollgæslu. Það má benda á að sigling frá nágretta löndum okkar tekur frá sólarring og uppúr þannig að stjórnendum er í lófa lagið að tilkynna komutíma til tollgæslu. Nokkur nýleg dæmi eru um það að skip hafi ekki tilkynnt sig til viðkomandi yfirvalda í tíma hvorki til landhelgisgæslu eða tollayfirvalda.

Rannsókn tollgæslu

Þegar tollgæslan rannsakar mál er nauðsynlegt að hún ljúki rannsókninni og löglærður fulltrúi tollgæslu sækji málið og ljúki því nema þegar að mál eru það stór að aðstoð lögreglu sé þörf. Við rannsókn verður tollgæslan að hafa aðgang að öllum rannsóknaðferðum svo sem símahlerunum, skyggingum og öðrum aðferðum til að koma upp um tollalagabrot. Það er enginn betur undir það búinn að sinna svona rannsóknum en tollvörður sem hefur víðtæka þekkingu á tollafgreiðslum og vinnu aðferðum tollgæslu. Þessu til stuðnings má benda á nýlegt mál í sambandi við bílainnflutning þar sem rannsakendur höfðu ekki þá sérþekkingu á innflutningi sem til þurfti.

Menntun

Þegar talað er um sambærilega menntun við ráðningu tollvarða liggur það alveg ljóst fyrir að það er ekki til nein menntun nema sú sem að fengin er úr Tollskóla ríkisins fyrir tollverði á sama hátt og lögreglan í Lögregluskólanum. Ekki er tilgreind nein sambærileg menntun í lögreglulögum, menn verða að hafa lokið lögregluskólanum til að fá ráðningu sem lögreglumaður. Slíkt hið sama á að gilda um tollverði. Það væri til heilla ef ítarleg könnun færi fram á hagkvæmni þess að sameina eða samhæfa betur Tollskóla ríkisins og Lögregluskólann.

Gagnagrunnur

Í frumvarpinu er talað um að tollgæslan komi sér upp gagna grunni og fá aðgang að öðrum gagnagrunnum sem að nýtast tollgæslu. Meginforsenda fyrir áframhaldandi framþróun tollgæslu er að hún fái starfshæfan gagnagrunn sem að allir tollverðir hafi aðgang að (mismunandi aðgangshæfileikar) og geti skráð þau verk sem að þeir framkvæma þannig að raunveruleg áhættugreining geti farið fram.

Slíkum grunni hafa tollverðir beðið eftir í mörg ár.

SMT/VEF afgreiðslur

Í framhaldi af þeirri umræðu sem hefur orðið um SMT afgreiðslur er nauðsynlegt að takmarka þann hraða sem er núna á öllum SMT afgreiðslum. Þeir innflutningsaðilar sem hafa hlotið samþykki tollgæslu (t.d. rautt, gult og grænt ljós) grænn þýðir hraðferð, gult hægari og rautt fer í nákvæma skoðun) fer eftir áhættuhóp. Þessu verður að breyta áður en að stórslys verður. Menn hafa þurft að snúa sendingum við sem hafa næstum verið komnar í hendur innflytjenda. Dæmi eru um vörusendingar sem tollafgreiddar hafa verið með SMT tollafgreiðslu aðeins 13 mínútum eftir að farmskrá hefur verið skráð inn í tollakerfi. En farmskrá er það frumgagn sem upplýsir tollayfirvöld um tilvist vörusendingar.

Á svipaðan hátt hafa miðlarar auk inn- og útflytjenda lokið tollafgreiðslu vara sinna áður en flutningsför hafa komið til landsins eða áður en þau hafa farið frá landinu. Má í þessu sambandi benda á strand flutningsskipsins Víkartinds fyrir nokkrum árum þar sem stór hluti af farni skipsins var þegar tollafgreiddur þegar skipið strandaði.

Sértekjur

Sértekjur tollstjóra eru að einhverju leiti eyrnamerkta viðkomandi tollstjóra en hafa síðan verið allar notaðar í reksturinn á embættinu í heild. Það væri góð hugmynd að eyrnamerkja hluta (vissa prósentu ca. 30-45%) af sértekjum viðkomandi embættis til tækjakaupa og endurmenntunar það er þá hvati til þess að menn passi uppá að tekjurnar skili sér. Sér rukkun fyrir akstur þarf að vera inn í lögunum vegna komu og brottfarar fars.

Með vinsemd og virðingu.

Andrés Ari Ottósson,
deildarstjóri tollgæslu.